

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007 frá 26. nóvember 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa (Natugrain Wheat TS) sem aukefni í fóðri ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 22.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2007) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzze. **32007 R 1380**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007 frá 26. nóvember 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa (Natugrain Wheat TS) sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 22.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1380/2007, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 22, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.